

AUGLÝSING

um afturköllun auglýsingar um breytt deiliskipulag í Reykjavíkurborg.

Heimahverfi – Sólheimar 36.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 28. nóvember 2024, afturköllun á auglýsingu nr. 604/2024 að því er varðar breytingu á deiliskipulagi Heimahverfis, vegna lóðarinnar nr. 36 við Sólheima, sem birtist í B-deild Stjórnartíðinda 24. maí 2024.

Hér með tilkynnist að ofangreind breyting á deiliskipulagi í auglýsingu nr. 604/2024 er afturkölluð og deiliskipulagið fellur þegar úr gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 10. desember 2024.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfudagur: 10. desember 2024